

Aðalfundar Dvalarheimilis aldraðra Hvamms árið 2020

Mættir: Hjálmar Bogi Hafliðason (fulltrúi), Sigurður Böðvarsson (fulltrúi), Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson (fulltrúi), Hafrún Olgeirsdóttir, Helena Ingólfssdóttir (fulltrúi), Heiðbjört Ólafsdóttir, Arnór Benónýsson (fulltrúi), Rúnar Bjarnason, Pétur Helgi Pétursson, Áslaug Halldórsdóttir, Kristján Þór Magnússon (fulltrúi), Jón Helgi Björnsson.

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Framkvæmdastjóri DA lagði fram tillögu þess efnis að Arnór Benónýsson yrði fundarstjóri og Kristján Þór Magnússon ritari.

Samþykkt samhljóða.

2. Venjuleg aðalfundarstörf

a) Skýrsla stjórnar

Jón Helgi Björnsson flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir starfsemi dvalarheimilisins á síðasta rekstrarári. Í yfirferð sinni fór Jón m.a. yfir gæðavísa heimilisins sem hafa komið vel út við síðustu úttektir. Sömuleiðis tæpti hann á mikilvægi þess að næsta stjórn DA ætti að velta vel fyrir sér hve mörg, ef einhver dvalarrými eigi að vera á hjúkrunarheimilinu til framtíðar. Sérstaklega í ljósi þess að fyrirséð er að uppbygging nýs hjúkrunarheimilis er komin á rexpöl sem verður mikið framfaramál fyrir íbúa svæðisins. Húsnæðismálin verða því áfram í deiglu, bæði hvað varðar uppbyggingu nýja heimilisins sem og stefnumótun fyrir framtíðina hvað varðar nýtingu húsnæðisins sem nú hýsir starfsemina. Framkvæmdastjóri vildi að lokum koma á framfæri þakklæti til stjórnar og starfsfólks sérstaklega fyrir samstarfið á krefjandi tímum covid-faraldursins.

Lagt fram til kynningar.

Í umræðum um skýrslu stjórnar tóku eftirfarandi til máls: Jón Helgi, Hjálmar Bogi, Kristján Þór, Áslaug.

b) Ársreikningar ásamt skýrslu endurskoðanda

Rúnar Bjarnason fór yfir ársreikning dvalarheimilisins fyrir árið 2019. Rekstrarniðurstaða ársins 2019 fyrir afskriftir og fjármagnsliði var neikvæð um 21,2 mkr. Alls nam halli ársins rúmum 41 mkr. Virði eigna félagsins voru næsta sambærilegar milli ára og standa í 483,7 mkr í árslok 2019. Langtímaskuldir lækkuðu um 10 mkr milli 2018 og 2019 og eru 415,8 mkr, en skuldir alls standa í lok árs í 517,7 mkr.

Ársreikningurinn borinn upp til samþykktar. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

c) Fjárhagsáætlun 2020

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun og áætlun framlög sveitarfélaganna til rekstrar heimilisins á árinu 2020.

Framlögð fjárhagsáætlun og áætlun framlög sveitarfélaganna samþykkt samhljóða.

d) Kosning stjórnar og varastjórnar

Tillaga að aðalmönnum í stjórn DA:

Kristján Þór Magnússon

Heiðbjört Ólafsdóttir

Bylgja Steingrímsdóttir

Sigurður Guðni Böðvarsson

HEI

Arnór Benónýsson
Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson
Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga að varastjórn DA:
Helena Eydís Ingólfssdóttir
Birna Ásgeirsdóttir
Hafrún Olgeirsdóttir
Dagbjört Jónsdóttir
Dagbjört Bjarnadóttir
Katóy Bjarnadóttir
Tillagan samþykkt samhljóða.

- e) Kosning eins löggilts endurskoðanda og endurskoðunarfélags
Tillaga að því að Rúnar Bjarnason og PWC verði áfram endurskoðandi og endurskoðunarfélag næsta árið.
Samþykkt samhljóða.
- f) Ákvörðun um laun stjórnarmanna og endurskoðanda
Tillaga borin upp þess efnis að áfram verði laun stjórnarmanna óbreytt og taki mið af greiðslum fyrir setu í fastanefndum Norðurlþings.
Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál löglega fram borin

Hjálmar Bogi óskar bókað: „Það liggur fyrir að finna þarf núverandi húsnæði Dvalarheimilisins nýtt hlutverk með tilkomu nýs hjúkrunarheimilis á Húsavík.“
Hjálmar Bogi óskar bókað: „Ég vil skora á stjórn Dvalarheimilisins að skila rekstri hjúkrunarheimilisins til ríkisins.“

Undir umræðum um önnur mál tóku eftirfarandi til máls: Hjálmar Bogi, Jón Helgi, Arnór og Kristján Þór

Fundi slitið 15:15.

Aðalsteinn J. Halldórsson
Sigrún Björnsdóttir
Arnór Benónýsson
HAFRÚN OLGEIRSDÓTTIR
Katóy Bjarnadóttir
Heiðbjört Ólafsdóttir
Hjálmar Bogi Halldórsson
Helena Eydís Ingólfssdóttir